



6. DKG-fundur vetrarins haldinn í Skálholti, 28.maí 2018

Fundur í Epsilondeild, fundartími kl. 17:30

Fundarstaður: Skálholt í Biskupstungum

1. Ingibjörg Þ.Þorleifsdóttir formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Formaðurinn fór yfir mætingalistann og voru 22 konur mættar.
3. Aðalefni fundarins var inntaka nýrrar systur í deildina okkar og samtökin. En það er hún Sædís Ósk Harðardóttir sérkennari í BES sem gengur í Epsilondeildina okkar. Sædís hefur margt til brunns að bera og bjóðum við hana hjartanlega velkomna í samtökin og óskum henni velfarnaðar í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur.
4. Happraðtið var á sínum stað og hlaut Hólmfríður Árnadóttir vinningin að þessu sinni.
5. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Aðalfundur Epsilondeildar haldinn í framhaldi af inntökufundinum.

1. Formaður setti fund að nýju og bað Elínborgu Sigurðardóttur um að taka við fundarstjórn.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
 - a) skýrsla formanns
 - b) skýrsla gjaldkera
3. Samþykkt að hafa árgjaldið ennþá 10.000 sem greiðist í október, en bæta við svokölluðu skemmtigjaldi kr. 5.000, sem innheimtist í júní.
Hægt er að sækja um styrk í skemmtisjóðinn ef konur vilja fara t.d. á þing samtakanna.
4. Kosning stjórnar fyrir veturinn 2018-2019.
Stjórnina skipa: Ingibjörg Þorleifsdóttir (form.) Ásborg Arnþórsdóttir, Sigríður Guttormsdóttir, Eydís Katla Guðmundsdóttir (gjaldkeri) og Ingibjörg Ingadóttir.

Rætt um mikilvægi þess að dreifa ábyrgð og skipta með okkur verkum. T.d. að skipuleggja fundi vetrarins ofl.

Ný stjórn er boðin hjartanlega velkomin til starfa.

5. Fleira ekki gert og fundi slitið.
Að loknum fundi var snædd dýrindis máltíð að hætti hússins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Sigfríður Sigurgeirsdóttir, ritari